


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 3	ÍSL 102 - fjarnám Kennsluáætlun vorönn 2014	

Kennari	Snorri Björnsson	Sk.st.	SNO
----------------	------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Í áfanganum verður lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á sem flestum sviðum lestrar og ritunar. Megináhersla er lögð á lestur bókmenntatexta bæði í bundnu og óbundnu máli. Nemendur lesa valið efni úr íslenskum bókmenntum: smásögur, ljóð og skáldverk. Í tengslum við lesefnið vinna nemendur með ýmis hugtök bókmennta- og bragfræði og skoða mun á talmáli og ritmáli.

Markmið: Að nemandi ...


- geti skipt eigin texta og annarra í málsgreinar, efnisgreinar og kafla.
- þjálfist í að skrifa ýmis konar ritsmíðar.
- geti gengið frá texta á viðunandi hátt í tölvu.
- lesi bókmenntaverk og ýmsa aðra texta.
- geti beitt hugtökum bókmenntafræði í umfjöllun um bókmenntir.
- geti beitt ýmsum hugtökum bragfræði í umfjöllun um bundið mál.

Námsgögn:

Dauðarósir eftir Arnald Indriðason.

Íslenska eitt, eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson (útg. 2006 og síðar).

Viðbótarefni frá kennara.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	ÍSL 102 - fjarnám Kennsluáætlun vorönn 2014	
Síða 2 af 3		

Áætlun um yfirferð:

1.lota 29.01. – 25.02 (4 vikur) Ritun – túlkun á styttri bókmenntatextum

Íslenska eitt – bls. 52 – 79, 110 – 116 og 125-128.

Farið í byggingu texta og ýmis ritunarverkefni unnin til þjálfunar. Munur á talmáli og ritmáli og verkefnavinna í tengslum við túlkun á styttri bókmenntatextum.

Nemendur hefja lestur á skáldsögunni *Dauðarósir* eftir Arnald Indriðason.

Í lok fyrstu lotu skulu nemendur hafa skilað nokkrum ritunarverkefnum og úrlausnum nokkurra verkefna í kennslubókinni og fá þá einkunn fyrir þá vinnu sem nemur 15%.

2.lota 26.02–25.03 (4 vikur) Bókmenntahugtök - kjörbók

Íslenska eitt - bls. 9 – 29, 52-54 og 86-93.

Farið í helstu hugtök bókmenntagreiningar og notkun þeirra æfð á textum. Nemendur skrifa bókmenntaskýrslu um skáldsöguna *Dauðarósir* og taka krossapróf úr sögunni.


Fyrir þessa lotu er hægt að fá 17%, 10% fyrir bókmenntaskýrslu og 7% fyrir krossapróf.

3.lota 26.03 – 29.04. (4 vikur + páskafrí) Myndmál og stílbrögð texta

Íslenska eitt - bls. 30 – 38, 101-108, 120 – 121 og 39-43 auk viðbótarefnis frá kennara.

Farið í myndmál og stílbrögð bókmenntatexta. Verkefni unnin, bæði úr kennslubók og úr ítarefni frá kennara.

Nemendur vinna ljóðaverkefni sem gildir 8%.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	ÍSL 102 - fjarnám Kennsluáætlun vorönn 2014	
Samþykkt:SHJ		
Síða 3 af 3		

Námsmat og vægi námsþátta:

Verkefni úr

fyrstu lotu 15%

Krossapróf 7%

Bókmenntaskýrsla 10%

Ljóðaverkefni 8%

Lokapróf 50%

Skil á verkefnum

í Moodle yfir önnina 10%

Nemendum ber að skila verkefnum og standast lokaprófið (4,5) sem vegur 50% af heildareinkunn til að einkunn fyrir skil á önninni (50%) verði metin til heildareinkunnar.

Öllum verkefnum verður skilað inn á kennsluvefinn Moodle í viðeigandi skilabox og EKKI verður hægt að skila verkefnum eftir að skilafrestur hefur runnið út og skilabox lokast.

Nemendur fá einnig umsagnir til baka á kennsluvefnum Moodle.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils